

Lesefni við lokahátíðir  
Stóru upplestrarkeppninnar  
í 7. bekk

2011–2012



Skáld keppninnar

Kristín Helga Gunnarsdóttir  
og Gyrðir Elíasson

Raddir,  
samtök um vandaðan upplestur og framsögn  
febrúar 2012

Textar eru valdir og búnir til fjölföldunar af Ingibjörgu Einarsdóttur og Þórði Helgasyni til flutnings á lokahátíð Stóru upplestrarkeppninnar í 7. bekk vorið 2012.

Búningur sögunnar eftir Kristínu Helgu Gunnarsdóttur er miðaður við munnlegan flutning: Lesmáli er skipt í jafna búta, sums staðar er það aðlagað örlítið og greinarmerki sett þar sem þurfa þykir til glöggvunar fyrir hina ungu flytjendur.

# Efni kversins

<b>Inngangur — leiðbeiningar .....</b>	<b>4</b>
<i>Um val á lesköflum .....</i>	<i>4</i>
<i>Leiðbeiningar um kynningu á lokahátíð .....</i>	<i>5</i>
<i>Um röð flytjenda.....</i>	<i>5</i>
<b>Yfirlit um kafla sem lesnir verða í fyrstu umferð, flytjendur þeirra og röð.....</b>	<b>6</b>
<b>Fyrsta umferð: Svipmyndir úr skáldsögunni Draugaslóð eftir Kristínu Helgu Gunnarsdóttur.....</b>	<b>7</b>
<i>Inngangur kynnis .....</i>	<i>7</i>
<b>Önnur umferð: Ljóð eftir Gyrði Elíasson .....</b>	<b>27</b>
<i>Inngangur kynnis .....</i>	<i>27</i>

# Inngangur — leiðbeiningar

## Um val á lesköflum

Hér birtist skyldubundið lesefni við lokahátíðir Stóru upplestrarkeppinnar vorið 2012. Þátttakendur lesa í þremur umferðum. Í fyrstu tveimur umferðunum lesa þeir efni úr þessu kveri, í þriðju umferð lesa þeir ljóð að eigin vali. Gott er að kennarar hvetji nemendur til að velja ljóð utan skólabóka.

**Í fyrstu umferð** verða fluttar svipmyndir úr sögunni *Draugaslóð* eftir Kristínu Helgu Gunnarsdóttur. Þessum svipmyndum er hér skipt í 18 hluta, en það er hámarksfjöldi keppenda sem gert er ráð fyrir. Hæfilegt þykir víðast hvar að lesarar séu á bilinu 12 til 15 en ekki er gert ráð fyrir færri lesurum en átta.

Umsjónarmaður velur þá kafla sem henta fjölda lesara á hverjum stað. Til þess að sem best samhengi fáiast í flutninginn er mælt með að þessir hlutar sögunnar séu valdir:

8 lesarar	1–2 og 13–18
9 lesarar	1–3 og 13–18
10 lesarar	3–12
11 lesarar	1 og 3–12
12 lesarar	1-12
13 lesarar	5-11 og 13-18
14 lesarar	1, 5-11 og 13-18
15 lesarar	1-2, 5-11 og 13-18
16 lesarar	3-18
17 lesarar	1 og 3-18
18 lesarar	1-18

Flytjendur fá að undirbúa þá kafla sem fluttir verða á hverri hátíð í viku til tíu daga. Á lokaæfingu, eða daginn fyrir lokahátíð, fá flytjendur að vita nákvæmlega hvaða hluta þeir eiga að lesa. Til hægðarauka má skrá nöfn lesara við númer hvers hluta á yfirlitinu hér á eftir.

**Í annarri umferð** lesa þátttakendur eitt ljóð eftir Gyrði Elíasson. Þeir skulu velja eitt af þeim tíu ljóðum sem prentuð eru í þessu hefti. Gott er að val nemenda dreifist á sem flest ljóð.

**Í þriðju umferð** lesa þátttakendur ljóð algerlega að eigin vali, bundið eða óbundið, nýtt eða gamalt.

## Leiðbeiningar um kynningu á lokahátíð

**Áður en upplestur hefst** fer vel á að kynna flytjendur með nafni og úr hvaða skóla þeir eru. Annaðhvort gerir kynnir það eða flytjendur gera það sjálfir. Eftir að upplestur hefst þarf ekki að kynna þá frekar.

**Í upphafi fyrstu umferðar** fer vel á að kynnir eða verðlaunahafi frá fyrra ári lesi inngang að sögu Kristínar Helgu Gunnarsdóttur, eða taki saman eigin kynningu. Flytjendur þurfa ekki að kynna efnið frekar, heldur lesa sinn hluta beint af augum svo sagan myndi eina samfellda heild. Þeir eiga ekki að segja númer þess hluta sem þeir lesa en þeir eiga að lesa fyrirsagnir þar sem þær eru.

**Í upphafi annarrar umferðar** fer vel á að kynnir eða verðlaunahafi frá fyrra ári lesi inngang að ljóðunum eftir Gyrði eða taki saman eigin kynningu. Flytjendur kynna aðeins heiti ljóðsins sem þeir hafa valið, en eiga ekki að endurtaka nafn skáldsins.

**Í þriðju umferð** getur kynnir þess í upphafi að flytjendur lesi ljóð að eigin vali. Þeir kynna sjálfir heiti ljóðsins og höfund þess.

## Um röð flytjenda

Vel fer á að flytjendur sitji í sömu röð og þeir lesa söguna í fyrstu umferð. Í annarri umferð byrjar sá að lesa sem var fjórði eða fimmti í fyrstu umferð. Svo er fylgt sömu röð lesara og endað á þeim sem situr við hlið þess sem byrjaði. Í þriðju umferð er byrjað enn aftar og röðinni fylgt eins og áður.

Yfirlit um kafla sem lesnir verða í fyrstu umferð, flytjendur þeirra og röð.

1. \_\_\_\_\_
2. \_\_\_\_\_
3. \_\_\_\_\_
4. \_\_\_\_\_
5. \_\_\_\_\_
6. \_\_\_\_\_
7. \_\_\_\_\_
8. \_\_\_\_\_
9. \_\_\_\_\_
10. \_\_\_\_\_
11. \_\_\_\_\_
12. \_\_\_\_\_
13. \_\_\_\_\_
14. \_\_\_\_\_
15. \_\_\_\_\_
16. \_\_\_\_\_
17. \_\_\_\_\_
18. \_\_\_\_\_

# Fyrsta umferð: Svipmyndir úr skáldsögunni *Draugaslóð* eftir Kristínu Helgu Gunnarsdóttur

## Inngangur kynnis

Skáld Stóru upplestrarkeppninnar að þessu sinni eru þau Kristín Helga Gunnarsdóttir og Gyrðir Elíasson.

Kristín Helga Gunnarsdóttir fæddist í Reykjavík árið 1963 og hefur lokið BA prófi í fjölmiðlafræði og spænsku. Hún hefur á undanförunum árum skipað sér í hóp vinsælustu og virtustu rithöfunda landsins og hlotið margvísleg verðlaun og viðurkenningar fyrir verk sín. Meðal þekkttra verka Kristínar Helgu eru sögurnar af skelliskjóðunni Fíusól, bækurnar um Binnu og Móa hrekkjusvín, Strandanornir og svo bókina Draugaslóð sem varð einmitt fyrir valinu í ár sem lesefni í Stóru upplestrarkeppninni.

Fyrir þá bók hlaut Kristín Helga barna- og unglingsbókaverðlaun Vestnorræna ráðsins árið 2008 en það eru alþjóðleg verðlaun sem veitt eru annað hvert ár. Í bókinni Draugaslóð fléttar hún fimlega saman íslenskan þjóðsagnararf og grefur djúpt í gamlar sagnir og skapar skáldsögu sem styðst við sagnirnar og þá staði sem sögurnar eru tengdar.

Eyvindur Þóruson, aðalpersóna sögunnar, er 13 ára og býr ásamt ömmu sinni Hildu smur og tveimur feitum köttum í sumarbústað við Elliðavatn. Samband þeirra er gott og heimilislífið er líflegt en amma fæst við ýmis störf. Hún er bifvélavirki og saumakona og margir leggja leið sína til hennar, hvort sem er til að láta smyrja vélar eða sauma brúðarkjóla. Móðir Eyvindar, Þóra, hefur lengi búið í útlöndum en kemur nú loksins alkomin heim og þau Eyvindur gerast skálaverðir á Hveravöllum eitt sumar.

Tveir skoskir bræður eru týndir á Kili og við fylgjumst með áhyggjum allra af örlögum bræðranna en höfundur tengir þann atburð sögunni af Fjalla-Eyvindi og lífi hans á Kili. Þá fáum við að heyra eina góða tröllasögu sem einnig á rætur sínar að rekja til hálendisins en það er sagan af tröllaparinu Bergþóri og Hrefnu.



## 1.

Í skólabílnum á leiðinni heim hugsaði Eyvindur um Þóru. Hann hlakkaði til að fá hana í heimsókn. Hún var búin að vera á Ítalíu í sex ár í listaháskóla að læra að mála kirkjuloft, og á sumrin vann hún við að lagfæra gömul kirkjuloft í Flórens til að eiga fyrir skólagjöldunum. Hún gætti þess þó að koma heim á hverju vori þegar skóla lauk og heimsækja þau Hildu og Eyvind. Þá kom hún hlaðin gjöfum og þau héldu mikla vorhátíð við vatnið. Stundum kom hún líka heim á jólum ef hún átti peninga fyrir flugferðinni til Íslands. Hún sagði oft að hún ætlaði að flytja heim einhvern daginn og Eyvindi fannst gott að hugsa til þess að dag einn myndu þau öll þrjú búa saman í litla bústaðnum við vatnið. Þóra var hláturmild og kát manneskja. Eyvindur var ekki viss hvort það ætti að kalla hana konu eða stelpu. Hún spilaði við hann fótbolta á túninu þegar hún kom, reri út á vatnið og veiddi með honum silung, kunni að fara í kollhnís og handahlaup, át alltof mikið bland í poka og vakti með honum fram á rauða nótt yfir hryllingsmyndum. Hún hafði bara verið svo ung sjálf þegar hún fæddi hann í heiminn.

– Hún var ráðvillt krakkagrey, eins og amma Hilda hafði sagt Eyvindi þegar hún útskýrði fyrir honum hvers vegna hann byggir ekki hjá móður sinni.

## 2.

– Það skiptir ekki máli í hvaða hreiðri maður situr þar til maður lærir að fljúga, sagði amma hans oft. Aðalatriðið er að hreiðrið sé hlýtt og gott og sneisafullt af ást og umhyggju.

Eyvindur var svo sem alveg sammála ömmu sinni. Honum leið alltaf vel hjá henni. Hún var ekki bara amma. Hún kom í staðinn fyrir mömmu, afa og pabba og var líka traustur og góður vinur. Og úr því að minnst var á afa og pabba. Eyvindur vissi heilmikið um afa sinn. Hann bjó eiginlega með honum þótt hann væri löngu dáinn.

Eyvindur afi hafði verið bóndi austur í sveitum. Þau amma Hilda höfðu eignast þóru seint. Hún var augasteinninn þeirra og óskabarnið. En svo týndist afi Eyvindur á Kili þegar þóra var aðeins árgömul. Hann var að leita kinda og fannst svo látinn eftir mikið óveður sem gekk yfir landið. Hann fannst skammt frá vélsleðanum sínum og hafði þá villst af leið og sleðinn bilað. Hilda smur talaði oft um afa Eyvind. Hún rifjaði stundum upp hvernig hann dó. Þá sagði hún að Kjölur hefði kallað hann í hinsta sinn – kallað til sín þennan afkomanda mestu öræfahetju allra tíma, sjálfs Fjalla-Eyvindar.

Þegar afi Eyvindur dó flutti Hilda með þóru suður til Reykjavíkur. Hún settist að í sumarbústað foreldra sinna við Elliðavatn og lærði bifvélavirkjun. Svo byggði hún bílskúr við bústaðinn, gerði við bíla, saumaði brúðarkjóra og málaði málverk af vatninu, hestunum, fuglunum og fjöllunum allt um kring.

### 3. Skoskir bræður tynast á Kili

Amma hans opnaði fyrir útvarpið. Þungbúin rödd þularins ómaði úr viðtækinu.

Tveggja bræðra er saknað á Kili. Þeir lögðu af stað á hestum yfir Kjalveg á mánudag ásamt föður sínum og tveimur fylgdarmönnum.

Eyvindur stökk að útvarpinu, hækkaði og hlustaði.

Drengirnir eru ellefu og tuttugu ára frá Skotlandi, en faðir þeirra og íslensku fylgdarmennirnir fundust nú undir kvöldið þar sem þeir höfðu grafið sig í fönn skammt vestur af Hveravöllum og hafst þar við í tæpan sólarhring. Hópurinn gisti í Áfangafelli aðfaranótt þriðjudags og var á þriðjudagskvöld í skála á Hveravöllum í blíðskaparveðri.

Snemma í gærmorgun lögðu mennirnir svo af stað ríðandi frá Hveravöllum og ætluðu í Þverbrekknamála en þá var farið að hvesa á þessum slóðum.

Vonskuveður skall svo á skömmu eftir að þeir lögðu af stað frá Hveravöllum. Illviðri geisar nú á Kili og er talið að drengirnir hafi orðið viðskila við föður sinn og fylgdarmenn litlu eftir að óveðrið skall á.

Enn er ekki hægt að leita á svæðinu úr þyrlum vegna mikils hvassviðris og ofankomu á hálendinu, en björgunarsveitir úr flestum landshlutum eru lagðar af stað inn á svæðið. Hátt í þrjú hundruð manns taka nú þegar þátt í leitinni, og stjórnstöð er á Hveravöllum. Faðir drengjanna og fylgdarmennirnir tveir eru á leið með bílum hjálparsveitarmanna til byggða. Ekki er vitað um ástand þeirra að svo stöddu.

Eyvindur hlustaði grannt, slökkti svo á útvarpinu, greip úlpuna og rauk út um dyrnar.

#### 4.

Hann hljóp með fram vatninu, yfir móann og lækinn, eftir gangstígnum, gegnum kjarrið, yfir veginn og beint heim til Jenna þar sem hann sat og fletti dagblaði.

– Heyrðirðu fréttirnar? spurði hann lafmóður.

– Já, sagði Jenni og leit upp úr blaðinu. Rosalegt.

– Þeir geta verið hvar sem er, sagði Eyvindur. Ég er búinn að skoða kortið af Kili og þeir geta falist á þúsund stöðum.

– Falist? Heldurðu að þeir vilji fela sig? spurði Jenni.

Veðrið er ennþá bandvitlaust þarna uppi á fjöllum og þeir hafa líklega leitað skjóls. Ætli þeir kunni að grafa sig í fönn?

– Ég veit ekki. En amma sagði að ef þeir væru illa búnir gætu þeir ekki lifað lengi úti á víðavangi í svona vondu veðri. Ég held að þeir séu á lífi. Það er hægt að lifa lengi á Kili.

– Fjalla-Eyvindur hefði getað lifað af í svona vitlausu veðri, sagði Jenni.

– Já, auðvitað. Hann gerði líka ráð fyrir svona veðrum. Þessir strákar eiga alveg að geta lifað af eins og hann.

– Skreppum út í helli, sagði Jenni. Pabbi smurði handa okkur nesti. Ég sagði honum að við ætluðum að ganga í kringum vatnið. Það veit enginn af hellinum okkar, sagði hann stoltur.

Þeir gengu yfir holtin og hæðirnar með bakpoka og veltu fyrir sér örlögum skosku drengjanna.

## 5.

Í fjarska ómaði borgargnýrinn, en þeir Eyvindur og Jenni voru í eigin heimi, fjarri mannabyggðum, þar sem þeir örkuðu eftir hálsinum ofan við Vífilsstaðavatn, þrömmuðu í gegnum kjarrið, klofuðu yfir þúfurnar og stukku yfir hraunhellur. Loks klifruðu þeir ofan í Maríuhella og skriðu inn í dimman hellisbotninn.

– Jenni, togaðu í steininn með mér, sagði Eyvindur og tók af öllu afli í stóran stein innst í hellinum. Saman veltu þeir steininum til hliðar. Við blasti gjóta og upp úr henni drógu þeir teppi og gamla konfektdós með eldspýtum, vasaljósi og kertastubbum.

Jenni bræddi tvo kertisstúfa og festi á klöpp sem var útbíuð í kertavaxi. Hann kveikti á kertunum en Eyvindur breiddi teppin á milli grjóthnullunga. Þeir hreiðruðu um sig og Eyvindur lýsti með vasaljósinu út í myrkrið og upp á hellisloftið allt um kring.

– Svona höfðu þeir það, þessir útilegumenn, hvíslaði hann með aðdáun.

– Já, og sama hvernig veðrið var, sagði Jenni. Það var alltaf gott veður í hellinum.

– Já, en kalt, sagði Eyvindur. Það hlýtur að hafa verið kalt.

– Ekki ef maður átti eld og gat kveikt bál og látið loga, sagði Jenni.

– Það var nú varla hægt lengi, sagði Eyvindur. Þar sem eldur er, þar er reykur sem sést langar leiðir. Svo var nú ekki mikill eldiviður á fjöllum til að brenna.

– Jú, þeir voru með eld. Það hlýtur að vera, sagði Jenni. Enginn getur lifað án þess að hafa eld.

## 6.

– Fjalla-Eyvindur hafði engan eld í Herðubreiðarlindum, sagði Eyvindur spekingslega. Þar leið honum líka verst. Hann át hrátt hrossakjöt þann vetur.

– Oj, en ógeðslegt, sagði Jenni og hryllti sig. Maður á ekki að éta hesta. Hvað var eiginlega að þessum Eyvindi? Og hvar eru þessar herðabreiðu lindir?

– Láttu ekki svona, Jenni. Eyvindur var hetja og hvað gerir maður ekki þegar maður er svangur? Og svo heita það Herðubreiðarlindir, en ekki herðabreiðu lindir og þær eru fyrir norðan Vatnajökul, sagði hann og hló.

– Þú hefur nú aldrei komið þangað, sagði Jenni þrjóskulega. Þú hefur varla komið lengra en hingað í Maríuhella.

– Nei, en bráðum fer ég á Kjöl, bíddu bara. Ég ætla þangað fljótlega.

– Hvernig stóð á því að Fjalla-Eyvindur varð útilegu-maður? spurði Jenni og rótaði í nestispokanum. Ég meina, ákvað hann það bara einn daginn þegar hann vaknaði?

– Nei, asninn þinn. Þú verður að ímynda þér hvernig ástandið var á Íslandi, sagði Eyvindur spekingslega. Hann lenti í þessu öllu saman óvart, hitti vont fólk sem laug upp á hann og þannig byrjaði þetta.

– Segðu mér söguna, sagði Jenni og hellti kakói í tvo bolla.

Eyvindur lýsti upp andlitið á sér með vasaljósinu, pírdi augun og setti upp djúpa og draugslega rödd.

– Árið 1714 fæddust tvíburar í litlu koti sem hét Hlíð og var í Hrunamannahreppi.

## 7.

– Sautján hundruð og fjórtán? hváði Jenni. Hvað er eiginlega langt síðan?

– Það eru næstum þrjú hundruð ár, sagði Eyvindur. Reiknaðu bara sjálfur. Þetta var strákur sem var skírður Eyvindur og stelpan hét Steinunn. En ég veit ekki meira um hana. Pabbi þeirra og mamma hétu Jón og Ragnheiður. Ári síðar fæddist stelpa á Vestfjörðum og hún hét Halla Jónsdóttir. En Halla og Eyvindur hittust ekki fyrir en miklu seinna.

– Þegar Eyvindur var fimmtán ára átti hann níu systkini. Það er sagt að hann hafi verið mikill íþróttamaður og duglegur í klettaklifri og fjallgöngum. Svo þótti hann sérlega flinkur að smíða. Hann var líka myndarlegur og glæsilegur ungur maður.

– Hvernig veist þú það? spurði Jenni vantrúaður.

– Það bara stendur í bókunum mínum, Jenni. Það eru til margar þjóðsögur af þessum mikla garpi. Sumar eru lognar og aðrar eru sannar.

– Hvernig veist þú það? spurði Jenni aftur. Ég meina, hvernig veist þú hvað er satt og hvað er logið?

– Æi, Jenni, viltu heyra söguna? Þetta stendur bara í bókunum, sagði Eyvindur þreytulega. Til dæmis segir sagan að hann hafi snemma þótt þjófóttur. Mér finnst það samt ólíklegt, bætti Eyvindur við.

– Af hverju? spurði Jenni. Hann er nú frægasti sauðþjófur Íslandssögunnar.

– Jú, sjáðu til, Jenni. Við verðum að hugsa aðeins um þennan tíma. Fátæktin var hræðileg og mér finnst líklegt að þessir krakkar þarna í Hlíð hafi oft farið svangir í rúmið á kvöldin.

## 8.

– Þetta voru erfiðir tímar, sagði Eyvindur fullorðinslega. Þannig er ég viss um að margir hafa orðið að þjófum þegar þeir voru bara að reyna að halda í sér lífinu. Svo urðu þjóðsögurnar til og ein lygasagan er til dæmis svona:

– Þegar Fjalla-Eyvindur var ungur er sagt að hann hafi stolið osti úr poka frá förukerlingu.

– Hvað er förukerling? spurði Jenni.

– Förukerling er svona gömul kona sem flakkar á milli bæja. Hún er eiginlega betlari sem fær að sofa og éta og vinnur kannski eitthvað í staðinn, sagði Eyvindur. Má ég halda áfram með söguna?

– Já, ég verð bara að skilja hvað þú ert að tala um, sagði Jenni ergilega.

– Jæja, en hann stal þessum osti og kerlingin varð svo ill að hún lagði það á hann að hann skyldi verða sístelandi upp frá því og aldrei losna við stelsýkina. Eyvindur og vinir hans báðu kerlinguna þá í öllum bænum að taka þetta til baka en kerling sagðist ekki geta það. Hún sagðist samt geta lagað þetta aðeins og bætti við að þótt hann yrði sístelandi þá skyldi hann alltaf komast undan laganna vörðum. Og það er einmitt það sem gerðist, sagði Eyvindur og kinkaði kolli.

– En þessi saga var nú bara sett af stað til þess að ljúga upp á Eyvind að hann væri og yrði alltaf þjófur. Og svo eru til nákvæmar lýsingar á Eyvindi af því að stundum náðist hann en hann flýði alltaf. Meira að segja sýslumenn sem náðu honum lýstu honum sem ljúfum, glöðum og blíðum manni og flinkum vinnumanni.



## 9.

– Svo þegar hann var þrjátíu og tveggja ára stakk hann af úr vinnumennsku. Ég held að þetta hafi allt byrjað þegar hann var vinnumaður í Traðarholti í Flóa og það átti að pína hann til að giftast heimasætunni á bænum. Eyvindur stakk af og þá fór bóndinn til sýslumannsins og sagði að hann hefði stolið frá þeim, bara til að fá hann aftur handa stelpunni.

– Flóa? hváði Jenni.

– Já, Flóa, Jenni. Flóinn nær niður að sjó á milli Þjórsár og Ölfusár, rétt hjá Selfossi, sagði Eyvindur og andvarpaði.

– Já, ég veit hvar það er. Ég hef farið þar um á hestum, sagði Jenni ánægður. Þú hefur nú aldrei komið þangað.

– Nei, en ég veit að minnsta kosti hvað það heitir, sagði Eyvindur þrjóskelega. Og hann stakk sem sagt af úr þessari vinnumennsku og sagan segir að hann hafi haldið til fjalla til að leita að Þórisdal þar sem annar mikill útilegumaður, Grettir sjálfur Ásmundarson, hafði haldið til.

– Grettir sterki, sagði Jenni og kinkaði kolli ánægður.

– Já, og svo segir þjóðsagan að hann hafi skilið hestinn sinn eftir við Skjaldbreið og fundið dalinn en að þar hafi verið grimmir útilegumenn svo að hann hafi átt fótum sínum fjör að launa og farið á handahlaupum upp á Þórisjökul.

– Æi, á handahlaupum, tautaði Jenni. Það finnst mér alltaf mjög skrítið. Hver getur farið hraðar á handahlaupum en fótahlaupum?

## 10.

– Já, en Jenni, þetta er þjóðsagan. Sönnu sögurnar eru líka til og sumir segja að hann hafi farið beinustu leið úr Flóa inn á Hveravelli á Kili og beðið eftir því að menn hættu að eltast við hann og þá hefur hann kannski verið þar einn vetur og soðið stolið sauðakjöt í hverunum. En nokkrum árum síðar fréttist svo af Eyvindi á Hornströndum. Þar fann hann Höllu og byrjaði að búa með henni á Hrafnfjarðareyri. Sennilega vissi hann ekki að hann væri eftirlýstur fyrir sunnan. Vestfirðir voru mjög afskekktir. Þú getur ímyndað þér hvað menn voru lengi að þvælast suður og norður og austur og vestur á þessum tímum.

– Hvernig manstu þetta allt, Eyvi? muldraði Jenni og fékk sér sopa af kakói.

– Ég hef svo oft lesið þessa sögu, sagði Eyvindur kæruleysislega. Það er enginn vandi að muna það sem maður les oft og skoðar á landakorti. En þetta voru hræðilegir tímar og menn átu jafnvel sína eigin skósóla.

– Nú ertu að grínast, sagði Jenni.

– Nei, ég get svo svarið að ég las þetta. Sumir átu skóna sína, en þeir voru líka búnir til úr leðri og roði svo það var kannski auðveldara að éta þá en íþróttaskó með reimum og öllu, svaraði Eyvindur og hló. Svo þurfti fólk líka að borga kónginum í Danmörku skatt. Þá gáfust sumir bændur upp, fóru af bæjunum og flökkuðu um sveitirnar í leit að mat.

## 11.

– Kannski gafst Eyvindur upp og fór að stela kindum frá nágrönnum sínum svo krakkarnir hans gætu lifað. Þau áttu þá tvær dætur, jafnvel einn son líka og svo átti Halla stóran strák þegar þau kynntust.

– Svo þvældust Eyvindur og Halla um hálendið en þegar stelpan þeirra, Guðrún, var tólf ára gömul fóru þau með hana til byggða og fundu handa henni heimili. Þú sérð, Jenni, að þetta fólk átti góða vini í byggð. En það var líka oft leitað að þeim á fjöllum. Einu sinni var send næstum fjörutíu manna leitarsveit til þess að sækja þau inn að Hofsjökli. En þau voru ótrúlega flink að felast. Þau geymdu oftast matinn á öðrum stað en þau bjuggu. Þau voru eiginlega með svona búr eða varastað og oft földu þau sig þar þegar þau sáu leitarflokka koma.

– Náðust þau aldrei? spurði Jenni hugsí.

– Jú, stundum. Eyvindur náðist þrisvar en honum tókst alltaf að strjúka og hverfa inn í óbyggðir. Halla náðist oftast en strauk líka og stundum gat hann frelsað hana. Einu sinni voru þau handtekin fyrir vestan og flutt til sýslumanns.

– Þar voru þau lengi fangar, en svo hurfu þau sporlaust þaðan einn vordag og héldu til fjalla. Þá voru þau eftirlýst á Alþingi. Það var árið 1765, sagði Eyvindur og kinkaði kolli ánægður. Flottast fannst mér þegar hann flúði frá Mývatni og faldi sig í þokunni. Hún var svo svört að hann gat falið sig á hlaðinu á meðan menn leituðu að honum. Síðan er svartapoka alltaf kölluð Eyvindarpoka.

## 12.

– Hræðilegt, hvernig þessir strákar gátu bara horfið eins og jörðin hefði gleypt þá, tautaði Eyvindur og settist með blaðið við eldhúsborðið.

Amma hans leit upp frá saumavélinni. Klukkan var sjö að morgni.

– Sóttirðu blaðið upp í póstkassann? tuldraði Hilda með títuþrjóna á milli varanna.

– Já, það er verið að segja frá hvarfi skosku bræðranna á Kili. Hvar geta þeir verið? Er þetta ekki furðulegt? Sumir segja að þeir hafi ætlað að stinga fjölskylduna sína af séu komnir til útlanda.

– Lestu fyrir mig, sagði Hilda og sneri efninu undir saumavélarnálinni.

Víðtæk leit stendur yfir að skosku bræðrunum sem villtust frá fylgdarliði sínu á Kili fyrr í vikunni. Annar bræðranna er tvítugur en hinn 11 ára og þeir hurfu sem kunnugt er nánast sporlaust eftir að þeir lögðu á Kjöl ásamt föður sínum og tveimur fylgdarmönnum með átta hesta sem þeir höfðu fest kaup á í Skagafirði. Hrossin ætluðu þeir að flytja suður eftir hinum forna Kjalvegi og koma á flutningavél til Bretlands. Faðir drengjanna og fylgdarmennirnir fundust tæpum sólarhring síðar, þrekaðir og hætt komnir af kulda og vosbúð. Faðirinn er enn á gjörgæslu en fylgdarmennirnir tveir eru óðum að ná sér. Mikil leit hefur verið gerð að bræðrunum en án árangurs. Björgunarsveitir víða að af landinu taka þátt í leitinni. Reiðhestar drengjanna fundust með reiðtyggjum í Þjófadölum en ekkert hefur spurst til bræðranna.

– Magnað, tautaði Hilda, alveg magnað.

### 13. Tröllaslóðir

– Ertu ekki örugglega með góða úlpu með þér? spurði Þóra varfærnislega þegar litla rútan brunaði upp með Hvítá.

Í fyrstu áætlunarferðinni þetta sumar norður Kjöl voru aðeins fjórir farþegar – nýju skálaverðirnir og tveir þýskir bakpokastrákar.

– Hættu þessum mömmustælum, Þóra, sagði Eyvindur þreytulega. Þú ert búin að spyrja mig sautján sinnum um hlý föt frá því að við fórum úr bænum. Ég er ekki fimm ára.

– Fyrirgefðu. Annars skil ég ekki hvers vegna þú þáðir ekki að bændurnir við vatnið pössuðu kettina fyrir okkur. Það er ferlegt vesen að hafa þá með. Ég er alls ekki viss um að við komumst upp með að vera með ketti í skálanum. Hvað ef það koma ferðamenn með ofnæmi? sagði Þóra áhyggjufull.

– Þú veist að Indriði og Alfreð fara þangað sem ég fer, sagði Eyvindur ákveðinn. Ef það á að senda okkur út og suður þá förum við saman, félagarnir, bætti hann við öflugur og greip um handfangið á búi þeirra bræðra þar sem þeir sváfu rólegir.

– Ég veit, en þetta voru nú líka afarkostir sem þú settir okkur ömmu þinni. Að annaðhvort færir þú með kettina eða þú færir alls ekki. Ég ætla bara rétt að vona að þetta verði ekki stórmál. Þú ert nú meiri prinsinn, tautaði Þóra. En heldurðu ekki bara að það verði gaman hjá okkur? sagði hún svo ögn léttari í bragði. Starfið er að minnsta kosti spennandi. Við kynnumst nýju fólki og verðum líka saman alla daga. Líst þér ekki bara vel á það? spurði hún dálítið taugaóstyrk.

## 14.

– Þetta er ekki verra en hvað annað og úr því að Jenni ætlar að koma í heimsókn, þá erum við góðir, sagði Eyvindur, lagði lófann á kattabúrið og horfði á Bláfellshálsinn nálgast.

Rigningin lamdi rúðurnar og bíllinn slóst til í hvassviðrinu.

– Það verður víst lítið að gera þessa fyrstu daga, hélt Þóra áfram. Það gefur okkur tíma til að læra á hlutina og vera tilbúin þegar ferðamennirnir láta sjá sig.

– Fínt, umlaði Eyvindur. Þá þarf ekki að þrifa kamrana strax.

– Það er nú margt annað að gera en að þrifa klósettin, sagði Þóra. Og ég skal bara sjá um þau. Hafðu engar áhyggjur. Og veistu, þegar við komum skal ég baka pönnukökur, sagði hún og dró sigri hrósandi upp gljáandi pönnukökupönnu úr handtöskunni.

– Þú hefur aldrei bakað pönnukökur á ævi þinni, sagði Eyvindur hæðnislega.

– Nei, og þess vegna er aldeilis kominn tími til þess, sagði Þóra ánægð.

Þau þögðu litla stund.

– Héðan kann ég góða sögu, sagði Þóra svo þegar bíllinn silaðist upp Bláfellshálsinn. Eiginlega er þetta uppáhalds þjóðsagan mín, sagan af honum Bergþóri í Bláfelli.

– Nú, ég hef aldrei heyrt hana, sagði Eyvindur.

– Jæja? Hún er um tröll sem kunni ágætlega við manneskjur og annað tröll sem þoldi ekki mannapef, sagði Þóra og brosti. Við erum á tröllaslóðum, Eyvindur.

## 15.

– Fyrir að minnsta kosti þúsund árum bjó hér í Bláfelli tröllkarl sem hét Bergþór með konu sinni Hrefnu. Þau lifðu hamingjulífi þar til Íslendingar tóku kristna trú árið þúsund. Þá risu kirkjur víða og tröll voru heiðin og þeim var almennt afskaplega illa við kristna siði. Nú fóru kirkjuklukkur að hringja um allar sveitir á sunnudögum. Þetta fór ógurlega í taugarnar á Hrefnu tröllskessu. Henni fannst þetta andstyggilegur ófriður. Bjöllurnar bergmáluðu í dölum, gljúfrum og klettaveggjum og ómuðu úr byggð inn á fjöll. Það má auðveldlega ímynda sér að Hrefna hafi blótað og bölsótast. Hún hefur jafnvel öskrað illskulega, hrint björgum úr fjallinu og sparkað í hellisveggi í reiði sinni. Bergþóri þótti hins vegar einstaklega notalegt að vakna við klukknahljóminn. Honum var hlýtt til mennsku smáveranna á láglandinu og sennilega hefur hann verið talsvert skapbetri en Hrefna kerlingin. Svo kom að því að Hrefnu var nóg boðið.

– Annaðhvort flytjum við lengra inn á hálendið og fáum frið fyrir þessu kirkjugauli, - sagði hún áreiðanlega við karl sinn, - eða þá að ég fer.

Bergþóri leið svo vel í Bláfelli að hann hefur líklega sagt við kelli sína: Farðu þá bara, Hrefna mín, úr því að þér líður svona illa.

– Kannski hefur hann líka verið orðinn þreyttur á kerlingunni ef hún hefur látið svona illa á sunnudögum, sagði Eyvindur og glotti.

## 16.

– Já, ætli það ekki, en Hrefna tók pokann sinn og fór. Hún flutti lengra inn á Kjöl. Þetta er áreiðanlega fyrsti formlegi tröllaskilnaðurinn sem um getur í íslenskum þjóðsögum. Þau Hrefna og Bergþór héldu samt áfram að vera góðir félagar og sagan segir að þau hafi hist vikulega við Hvítárvatn þar sem þau fóru saman á silungsveiðar. En hún settist að í Hrefnubúðum sem eru innan við Hvítárvatn. Bergþór tók hins vegar upp á því að þvælast til byggða og bóndinn í Haukadalsdal varð góður vinur hans. Árlega arkaði Bergþór niður í Haukadalsdal og barði að dyrum hjá bóndanum með göngustafnum sínum. Hann átti mjög glæsilegan göngustaf og efst á honum trónaði geysistór járnhringur.

Svo fór Bergþór að eldast og dag einn kom hann á hlaðið til vinar síns í Haukadalsdal og sagði honum að nú væri hann ekki viss hvort hann lifði veturinn af. Hann sagði bónda að hann ætti sér eina ósk heitasta.

– Hver er hún? spurði bóndi.

– Mig langar að láta jarða mig í kirkjugarðinum hérna þegar ég verð dauður, sagði Bergþór og hefur væntanlega horft bænaraugum á Haukadalsbóndann.

– Æi, Bergþór minn, getur þá verið að bóndinn hafi sagt. Þú veist eins vel og ég að það er af og frá að hægt sé að grafa tröll í kirkjugörðum því heiðin tröll mega ekki liggja í vígðri mold.

– Af hverju ekki? spurði Eyvindur.

– Það veit ég ekki, svaraði Þóra. Það þótti bara ekki passandi.



## 17.

– Asnaleg regla, sagði Eyvindur og gretti sig.

– Já, kannski. Bergþór hefur að minnsta kosti orðið ógurlega sorgmæddur.

– En ég skal svo sannarlega lofa þér því, Bergþór minn, sagði bóndinn þá, að ég skal grafa þig dauðan utan í kirkjugarðsveggnum norðanverðum. Þá ertu að vísu ekki inni í garðinum en nær honum kemstu ekki, trölilið sem þú ert.

– Jæja, Bergþór hefur orðið að sætta sig við þetta. Hann bað bóndann að sækja sig í hellinn þegar hann væri allur.

– Hvernig fer ég að því að vita hvenær þú ert dauður? spurði bóndi hissa.

– Dag einn muntu heyra drepilið á dyrnar, sagði Bergþór þá og átti við að einn góðan veðurdag myndi bóndi heyra bankað á útihurðina. Þá skaltu fara til dyra, en ég verð þar ekki, sagði Bergþór. Göngustafurinn minn verður þar og þá veistu að ég er dauður og sækir skrokkinn og kemur honum fyrir við kirkjugarðsvegginn. Og mundu að ég mun launa þér ríkulega.

Bóndi féllst á þetta og þeir skildu. Þetta var í síðasta sinn sem þeir vinirnir hittust. Vorið eftir var barið trölslega að dyrum í Haukadál. Bóndi sagðist fara til dyra enda var hann viss um að þarna væri Bergþór kominn að heimsækja hann. En Bergþór var ekki úti á hlaði. Þar var hins vegar göngustafurinn hans góði með járnhringnum á og nú vissi Haukadalsbóndinn að Bergþór var allur.

Hann bjó menn til ferðar og sendi þá til að sækja Bergþór í hellinn. Þeir lögðu af stað og með þeim var ellefu ára strákur.

## 18.

Þegar þeir komu í hellinn í Bláfelli fundu þeir Bergþór dauðan í fleti sínu en engin ríkuleg laun. Þeir leituðu dyrum og dyngjum að einhverju fémætu en komust að þeirri niðurstöðu að tröllkarlinn hefði skrökvað og ætti ekki bót fyrir boruna á sér. Við fleti karlsins var ketill fullur af laufblöðum en annað fundu þeir ekki. Strákurinn sem var með í för var með lélega vettlinga og tróð laufum úr katlinum ofan í þá til að hlýja sér á fingrunum.

Karlinn var þungur og mennirnir roguðust með hann niður hlíðar Bláfells. Þegar þeir voru komnir langleiðina til byggða uppgötvaði strákurinn að laufin sem hann hafði stungið í vettlingana sína voru orðin að gullpeningum. Var þá þegar í stað snúið við til að sækja ketilinn með laufblöðunum í, en viti menn, eins og svo oft í þjóðsögunum hafði hrunið skriða úr fjallinu og fyllt upp í hellisopið. Hellir Bergþórs hefur aldrei fundist aftur.

Bóndinn gróf tröllkarlinn undir norðurvegg kirkjugarðsins og heitir þar í dag Bergþórsleiði, en járnhringurinn af göngustaf Bergþórs var hengdur á kirkjuhurðina. Nokkrar kirkjur hafa staðið í Haukadal frá því að þetta gerðist og alltaf hefur járnhringurinn hangið á sama stað. Þess vegna er hann þar enn á kirkjunni í Haukadal og minnir á þennan blíðlynda og ljúfa tröllkarl í Bláfelli.

– Vitlausir að taka ekki ketilinn, sagði Eyvindur og rýndi upp í Bláfellið

– Af hverju kanntu annars þessa tröllasögu svona vel?

– Af því að ég hef svo gaman af þjóðsögum, svaraði þóra brosandi.

# Önnur umferð: Ljóð eftir Gyrði Elíasson

## Inngangur kynnis

Gyrðir Elíasson fæddist í Reykjavík árið 1961. Hann er Austfirðingur að ætt og uppruna en ólst upp á Sauðárkróki, tók stúdentspróf þar og stundaði um tíma nám við Kennara-háskólann.

Gyrðir hefur nánast alla sína fullorðinsævi unnið við ritstörf. Hann hefur sent frá sé fjölda verka af ýmsu tagi; ljóðabækur, skáldsögur og sagnasöfn.

Hann er einnig ötull þýðandi. Meðal annars þýddi hann fræga bók, *Uppvöxt Litla trés*, eftir Forrest Carter, sem lýsir æsku og uppeldi ungs indíána í Vesturheimi. Núna fyrir jólin sendi hann frá sér veglegt safn ljóðabýðinga, *Tunglið braust inn í húsið*, en þar er að finna ljóð eftir 36 skáld frá fimmtán löndum.

Gyrðir hefur hlotið ýmsar viðurkenningar fyrir verk sín, til að mynda Íslensku bókmenntaverðlaunin árið 2000 fyrir smásagnasafnið *Gula húsið* og Bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs 2011 fyrir sagnasafnið *Milli trjáanna*.

Nemendur geta nú valið milli tíu ljóða Gyrðis.<sup>1</sup> Ljóðin heita:

Óvænt endalok	Ekkert kemur aftur
Búr	Eyðilandið
Áform	Að Dyrfjallabaki í Njarðvík
Vonbrigði	Dúfurnar í Dyrhólaey
Morgunverkin	Sálræn meðferð í skóglendi

Óhjákvæmlegt er að nokkrir flytjendur lesi sama ljóðið, en það gefur okkur hlustendum færi á að njóta mismunandi túlkunar.

*Góða skemmtun!*

---

<sup>1</sup> Ljóðin eru úr fimm bókum. Þær eru: *Tvö tungl*, *Mold í Skuggadal*, *Indíanasumar*, *Tvífundnaland* og *Nokkur almenn orð um kulnun sólar*.

## Óvænt endalok

Opna dyrnar út í  
garðinn og skyndilega  
skýst mús út úr hólnum í  
fjærsta horninu og  
skoppar undir grindverkið

Yfir götuna kemur  
svakalegur köttur  
og á eftir músinni

Nær henni á gangstéttinni  
tekur hana varlega milli  
framloppanna  
rís upp á afturfæturna og  
gengur virðulega að hliðinu  
mínu

Ég hleyp til og lýk forviða  
upp fyrir honum og elti  
hann upp fyrir húsið

Þar stendur örsmá og snotur  
dúkkuvagga og músin sofnar  
vært við mal  
í blómailmi

## Búr

Afi að þvo bílinn  
í hlaðinu og ég kom  
gangandi með vasahníf  
fyrir smiðjuhornið

Afi leit upp frá þvottinum  
og sagði: sjáðu hvað loftið  
er blátt í dag

Ég leit upp  
á himni sveif lítill fugl  
aleinn  
síðan steypti hann sér  
eldsnögg

Flaug ofan í afa

Afi hóstaði og kyngdi  
leit flóttalega til mín  
og hélt svo áfram að þvo  
bílinn

Ég heyrði fuglinn tísta dauft

## Áform

Þegar ég var minni  
ætlaði ég að verða  
vitavörður

Svo frétti ég að  
vitavörðum væri  
stundum kalt á  
vetrum og þeir  
gætu orðið einmana  
og það væru draugar  
í sumum vitum

Þá hætti ég við  
að verða vitavörður

En mér finnst gott  
að ganga í hæfilegri  
fjarlægð framhjá  
vitum bæði í ljósi  
sólar og þerunnar  
undir næturhjalminum

# Vonbrigði

Lífið  
einsog kaffivél  
sem ekki er  
í sambandi

Einhver hefur  
tekið hana úr  
sambandi án  
þinnar vitundar

Þú setur  
vatn og kaffiduft  
ýtir á takkann og  
gengur fram í  
stofu

Bíður eftir að  
heyra snarkið  
og finna ilminn

En það kemur  
enginn ilmur

## Morgunverkin

Í geislum morgunsólar rumska  
stráin og teygja úr sér, og  
fíflarnir undir húshliðinni,  
þessar gulu hermíkrákur sólar-  
innar, vinda körfunni og  
vagga að ljósinu, hægt

Í litlu rúmi innan við  
fjögrarúðugluggann sefur  
hvíthærður strákur, og gler-  
augu í gluggakistunni, lítil  
gleraugu, svartar umgjarðir

Hann dreymir sorta og hyl-  
djúpan sjó þangað til  
sólin vekur hann og hann  
teygir sig í gleraugun,  
teygir sig einsog stráin,  
vaggar höfðinu að birtunni  
einsog fíflarnir

Og skammar hundinn sem enn  
er farinn að elta hænurnar  
um túnið



## Ekkert kemur aftur

Þarna veiddum við í net,  
drógum fyrir í ánni  
skjálfandi í kvöldkulinu  
dauðsmeykir við  
veiðiverði  
og annan ófögnuð

Engin gleði jafnast  
á við þá sem vaknar  
við veiðar í óleyfi

Nú er enginn í húsinu  
ofan við brúna,  
gluggarnir gapa tómir,  
svartir einsog sand-  
botninn við ósinn

Þú tókst ferjuna

## Eyðilandið

Hérna er gamli bærinn  
við hliðina á þeim nýrri  
sem líka er auður núna,  
njólaskógurinn vex  
og veitir fuglum skjól

Ég opna dyr, marr  
í ryðguðum hjörum.  
Hér hefur smiðjan verið  
sýnist mér og geymslan  
við hliðina

Þarna úti í horni  
er ljárinn – og hvað sé ég:  
splunkunýtt ferðaútvarp  
sem flytur án afláts  
fréttir af mannfalli  
úti í heimi

## Að Dyrfjallabaki í Njarðvík

Þarna innan til í víkinni  
gerðu þeir til kola í  
gjörningapoku í eldgamla  
daga og heyrðu þá trölla-  
hlátur berast úr djúpum  
Urðardalnum. Í þeim dal  
borðaði ég suðusúkkulaði  
meira en tvö hundruð árum  
eftir að hláturinn  
bergmálaði

Einn bjartan sumardag  
þegar ég var lítill  
og á göngu með  
pabba

## Dúfurnar í Dyrhólaey

Veit ekki hvað þær eru  
að gera á þessari bjargbrún  
allavega litar og kurrandi,  
nema þetta séu bréfdúfur  
eða friðardúfur og noti  
bergsyllurnar  
sem flugpalla  
út í heiminn

En það er langt yfir hafið.  
Sennilega sitja þær bara  
hér og kroppa í brauðmola  
sem fólk utan úr heimi  
kastar til þeirra  
úr langferðabílum

Sumir koma víst  
alveg frá Jerúsalem  
með stálfuglunum  
til að strá brauðmolum  
fyrir þessar dúfur

## Sálræn meðferð í skóglendi

Stígarnir kvíslast í þrjár áttir.  
Þarna flýgur upp fugl,  
hann þarf enga stíga

Ég vel þann sem liggur til vinstri  
ég vel þann sem liggur til hægri  
ég vel þann sem liggur beint  
af augum

Einn dagur fyrir hvern stíg.  
Til vinstri þegar mér líður vel  
til hægri þegar mér líður illa  
beint áfram þegar mér líður  
engan veginn

Barrtrén svigna í vindinum,  
þau kunna  
að brotna ekki